



Greinargerð við fjárhagsáætlun Vopnafjarðarhrepps 2014

-Síðari umræða-

7. nóv. 2013.

Inngangur

Í dag, 7. nóv. 2013 fer fram síðari umræða um fjárhagsáætlun Vopnafjarðarhrepps A- og B hluta. Við gerð áætlunarinnar hefur verið reynt að gæta aðhalds og hagræðingar eins og kostur er. Í áætlun síðasta árs var forstöðumönnum gert að hagræða í rekstri einstakra deilda eins og mögulegt var. Að þessu leytinu til má segja að sú vinna sem unnin hefur verið í samvinnu við forstöðumenn einstakra deilda til þess að ná niður kostnaði og hagræða, auðveldar nokkuð verkefnið að þessu sinni. Ljóst er þó að ávallt þarf að vera á tánum hvað varðar rekstrarkostnað, þar sem forsendur stærstu tekjuliða sveitarfélagsins eru fallvaltir við þær aðstæður sem ríkjandi eru í þjóðfélaginu um þessar mundir. Nauðsynlegt er því að áfram verði haldið á þeirri braut að hagræða og varast óþarfa rekstrarútgjöld. Þetta er best gert með því að vinna með starfsfólki sveitarfélagsins í hinum mismunandi deildum. Áætlunin sem hér liggur fyrir tekur mið af þessu. Ný rekstrareining kemur nú í fyrsta skipti inn í reksturinn og er þar um að ræða legudeildina að Sundabúð, sem sveitarfélagið tók við frá ríkinu á yfirstandandi ári.

Auk þessa hefur endurskoðunarskrifstofan KPMG komið að vinnunni og reiknað með sínum aðferðum ýmsa liði svo sem afborganir lána, afskriftir og reiknaðar áfallnar ógreiddar verðbætur, sem gjaldfærðar eru undir fjármagnsliðum hinna mismunandi deilda. Þessir sérfræðingar leiðbeindu einnig með færslu ýmissa liða og færðu yfirlit upp til samræmis við ásreikningaform sveitarfélagsins. Þessi stuðningur veitir aukið öryggi við gerð áætlunarinnar.

Árangur ríkisstjórnarinnar í því að ná niður verðbólgunni skiptir einnig gríðarlegu máli fyrir rekstrarkostnað í heild, bæði sökum verðlags á almennum rekstrarvörum og ekki síður vegna útreiknings á verðbótum og afborgunum lána.

Helstu forsendur og tölur fjárhagsáætlunar ársins 2014:

Tekjur:

1) Staðgreiðsla gerir ráð fyrir því að útsvarstofn á Vopnafirði verði svipaður og stefnir í á yfirstandandi ári. Hér er gert ráð fyrir því að meðaltalshækkun útsvarstekna verði til samræmis við meðaltalsspá Sambands íslenskra sveitarfélaga sem gerir ráð fyrir að útsvarstofn hækki um 5,3 % að meðaltali á landinu öllu. Álagning útsvars gerir ráð fyrir hámarksálagningu sem verður 14,48 %. Þar af renna 1,72 % beint til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og 12,76 % til sveitarfélagsins. Í þessum framlögum til Jöfnunarsjóðs eru annars vegar 0,77 %, sem renna til mismunandi jöfnunarframlaga og hins vegar 0,95 %, sem renna til greiðlu á málefnum fatlaðra, en sveitarfélögin tóku þau yfir frá ríkinu eins og kunnugt er. Af útsvari sveitarfélagsins rennur síðan til viðbótar 0,25 % til Skólaskrifstofu Austurlands til greiðslu á frekari kostnaði vegna málefna fatlaðra, sem Félagsþjónusta Fljótaldalshéraðs sér um fyrir okkur í gegnum sérstakan samning þar um.

2) Fasteignagjöld taka mið af hækkun fasteignamats á Vopnafirði í samræmi við framreikning yfirfasteignamatsnefndar, sem miðar við 35. gr. laga nr. 6/2001. Fasteignamat á Vopnafirði hefur hækkað milli ára um 3 %. Hér er gert ráð fyrir að álagning fasteignagjalda verði óbreytt milli árana 2013 og 2014. Álagning fasteignaskatta á íbúðarhúsnæði og bújarðir er 0,55 %, álagning á atvinnuhúsnæði sé 1,65 %, álagning á opinbert húsnæði sé 1,32 % Holræsagjaldaálagning var 0,2 % á árinu 2013. Á árinu 2014 hækkar það í 0,32 %, tímabundið, á meðan unnið verður að sérstökum fráveituframkvæmdum, slík hækkun myndi gefur liðlega 3.000 þús. kr. í tekjuauka á ári. Vatnsgjald er 0,3 % á álagningarstofn og lóðarleiga allra lóða er 2 % af lóðarmati. Sorphirðugjald var 10.500 kr. og verður 11.000 kr. á ári og sorpeyðingargjald, var 10.500 og verður er 11.000 kr. á íbúð, sem er 4.7 % hækkun frá fyrra ári. Gert er ráð fyrir því að aukavatnsgjald skv. mæli hækki miðað við byggingarvísitölu, eins og gjaldsskráin gerir ráð fyrir. Gjaldið verður verður þá um það bil 36 kr./tonnið.

3) Framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga taka mið af því efnahagsástandi sem er í þjóðfélaginu. Jöfnunarsjóðsframlög hafa verið framreiknuð miðað við áætlanir Jöfnunarsjóðs fyrir árið 2013. Hér er ekki gert ráð fyrir að framlögin aukist neitt á milli ára. Illt er til þess að vita að mun stærri hluti þessara framlaga fara á næsta ári til sveitarfélaga sem illa eru stödd fjárhagslega og verður því minna til skiptanna fyrir önnur.

4) Lóðarleiga hækkar í samræmi við fasteignamat og er 2 % af skattstofni allra lóða eins og áður.

5) Almennar rekstrartekjur eru framreiknaðar miðað við 3,5 % verðlagsbreytingu milli árana 2013 og 2014, nema þar sem sérstaklega er kveðið á um annað t. d. með sérstökum gjaldskrárbreytingum, en þær verða flestar endurskoðaðar og við það miðað að þær munu breytast frá og með áramótum nk. Gjaldskrárbreytingar þessar verða unnar í samráði sveitarstjórnar, fagnefnda og viðkomandi forstöðumanna.

6) Við útreikning fjármagnsliða er gert ráð fyrir rétt um 3 % verðbólgu frá upphafi til loka árs 2014. Jafnframt er gert ráð fyrir að gengisvísitala hreyfist lítið sem ekkert á árinu.

Gjöld:

1) Við áætlun launa er miðað við að laun hækki að meðaltali um 4,5 % milli árana 2013 og 2014. Hefur þá verið reynt að taka tillit til almennra launahækkana skv. kjarasamningum og launaskriðs. Rétt er þó að geta þess að í þessari áætlun er við það miðað að laun hækki um nokkuð sambærilega prósentu og útsvörin. Sérstaklega er áætlað fyrir launum þar sem dregið er úr starfsemi eða starfsemi aukin. Stöðugt verður unnið að því með forstöðumönnum deilda og stofnana að gæta aðhalds á þessum lið. Ný rekstrareining Sundabúð legudeild sem breytir heildar rekstrarkostnaði -og tekjum verulega eða um nálægt 130.000 þús. kr. bæði tekju og gjalda megin. Heildarlaunagreiðslur sveitarfélagsins á árinu 2014 eru áætlaðar um 410,2 m. kr. samanborið við 288,3 m. kr. í áætlun yfirstandandi árs að teknu tilliti til magnaukningar eða 41,6 %. Þessi mikla aukning er vegna þess að tekin er inn ný stofnun eins og fyrr er greint frá, sem er Sundabúð leguleild og eru

heildarlaunagreiðslur þar 101,8 m.kr. Laun hækka því um 6,9 % ef áhrif Sundabúðar eru dregin frá.

2) Um almenn rekstrargjöld er það að segja að við framreikning þeirra hefur verið miðað við almenna verðlagsbreytingu milli árunna 2013 og 2014, sem hér er áætluð 3,0 %. Jafnframt hefur verið farið yfir þau með tilliti til sérstakra samninga um rekstraleigu og þjónustu af ýmsu tagi. Til viðbótar innbyggðum niðurskurði sem í þessari áætlun felst hefur verið farið yfir þessa liði með forstöðumönnum deilda og stofnana og hagrætt á þeim liðum, þar sem það er talið gefa árangur. Hækkanir einstakra rekstrarþátta geta því verið dálítið á annan veg en meginreglan segir til um.

Á árinu sem framundan er verður áfram reynt að hagræða í rekstri eins og kostur er. Á þetta bæði við um launakostnað og almenn rekstrargjöld. Í þessum efnum eru boðaðir reglulegir samráðsfundir forstöðumanna með sveitarstjóra og starfsfólki bæjarskrifstofu, þar sem farið verður yfir stöðu mála á hverjum tíma.

Í rekstraryfirliti sveitarsjóðs í fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun kemur fram, að heildartekjur aðalsjóðs eru 545,6 m.kr. samanborið við 521,1 m.kr. í fjárhagsáætlun 2013 og heildargjöld 493,7 m. kr. samanborið við 463,2 m.kr. 2013. Að teknu tillit til fjármagnstekna aðalsjóðs að fjárhæð 36,8 m.kr. kemur í ljós að rekstrarniðurstaða aðalsjóðs er jákvæð um 88,5 m.kr. Hér er í raun verið að áætla fyrir rekstrarkostnaði og rekstrartekjum af reglulegri starfsemi og söluhagnaði vegna seldra eigna. Laun aðalsjóðs eru alls áætluð 265,8 m. kr. samanborið við 245,9 m.kr. 2013 og almenn rekstrargjöld 227,9 m..kr. samanborið við 217,2 m.kr. 2013. Inni í þessum tölum eru svokölluð innri viðskipti meðtalin.

Í Eignasjóði er reiknað með húsaleigutekjum fyrir útleigu á húsnæði eins og skóla, leikskóla, íþróttahúss og ráðhúss. Á yfirstandandi ári var í fyrsta skipti gert ráð fyrir að almennar Leiguíbúðir og Félagsheimilið flytjist úr B-hluta yfir í Eignasjóð. Í þessari áætlun er í fyrsta skipti áætlað fyrir leigutekjum af Sundabúð og tilheyrandi kostnaði sem leigusala ber að kosta. Eignir Eignasjóðs eru leigðar undir hinar mismunandi þjónustueiningar sveitarfélagsins. Þessi sjóður er rekinn með 34,1 m.kr. tapi, þegar tekið hefur verið tillit til afskrifta upp á 27,6 m.kr. og 32,6 m.kr. fjármagnskostnaðar. Hér er einnig áætlað fyrir öllum föstum kostnaði við húseignirnar og því viðhaldi sem ráðast skal í á árinu.

Í Þjónustumiðstöð er reiknað með útgjöldum til reksturs hennar þ. e. launum, almennum rekstrargjöldum, ásamt afskriftum. Hér er jafnframt áætlað fyrir tekjum þjónustumiðstöðvar en leitast er við að selja vinnu hennar að mestu. Ráðgert er að endurskoða taxta á útseldri vinnu og færa upp í samræmi við verðlagsþróun á sambærilegum töxtum. Í áætluninni er 15,9 m..kr. halli á miðstöðinni miðað við 16,4 m.kr. á áætlun þessa árs, þegar tekið hefur verið tillit til afskrifta.

Samkvæmt þessu er hagnaður A-hluta sjóða í heild eftir afskriftir og að teknu tilliti til innri viðskipta 38,4 m. kr., samanborið við 41,9 m. kr. í fjárhagsáætlun yfirstandandi árs.

Í B-hluta sjóðunum kennir ýmissra grasa, en þeir eru Hafnarsjóður, Vatnsveita, Félagslegar leiguíbúðir, Fráveita, Apótek, Sundabúð, Arnarvatn og Skiphólmi

Nýlunda er að hér er í fyrsta skipti áætlað fyrir Sundabúð, sem veltir mestu samkvæmt fyrirbyggjandi áætlun, en áætlunin gerir ráð fyrir að heildargjöld þessa sjóðs séu um 126,1 m.kr. og að hann gangi nokkurn veginn upp á núlli þ.a. framlög til rekstursins eru nánast sama upphæð.

Síðan kemur Hafnarsjóður og er hann áætlaður með 72,5 m.kr. hagnaði, þegar tekið hefur verið tillit til 21,8 m.kr. fjármagnskostnaðar og 5,8 m.kr. afskrifta. Gert er ráð fyrir allmiklum umsvifum í höfninni til samræmis við áætlanir HB Granda um landaðan afla á árinu 2014, enda þótt ávallt séu talsverðar blikur á lofti varðandi veiðiheimildir og nægir þar að nefna spá um minnkandi kvóta í loðnu, sjúkdóm og ófarir í íslenska síldarstofninum, hugsanlega minni kvóta í norskíslensku síldinni en á yfirstandandi ári. Kolmunaveiði er þó áætluð e-ð meiri en var á yfirstandandi ári. Væntingar eru talsverðar til makrílveiðanna um að þær verði ekki minni að magni til en á yfirstandandi ári.

Í heild er nokkur bjartsýni um góða veiði og vinnslu á árinu 2014.

Á liðnum árum hefur verið unnið að gríðarlega miklum framkvæmdum í höfninni og er þá helst að geta brimvarna, dýpkana og verulega auknu viðleguplássi með nútímalegu sniði. Við þessar framkvæmdir eru bundnar þær væntingar að þær leiði til mjög aukinna tekjumöguleika í framtíðinni. Tekjur hafnarinnar hafa verið að aukast á síðustu árum þ.a. framkvæmdirnar hafa þegar sannað sig. Á síðasta ári var hluti trébryggjunnar við Ásgarð rifin enda orðinn lélegur. Á móti var sá hluti sem eftir er lagfærður og sett upp 25 m. flotbryggja við Ásgarðinn, þar sem einnig er góð aðstaða fyrir olíudælu fyrir smábátana. Jafnframt var sett 2 sinnum 20 m. flotbryggja í smábátahöfnina ásamt svokölluðum fingrum. Aðstaða fyrir smábáta er því orðin mjög góð á Vopnafirði og er óhætt að gleðjast verulega yfir þessum góðu áföngum í uppbyggngu hafnaraðstöðunnar. Á yfirstandandi/næsta ári er ráðgert að lagfæra dýpi hafnarinnar lítillaga. Áfram verður unnið að undirbúningi á mögulegum verkefnum vegna olíuleitar á Drekasvæðinu. Í skýrslur, sem unnin hefur verið um þessi mál fyrir sveitarfélögin Vopnafjarðarhrepp og Langanesbyggð í samvinnu við Iðnaðarráðuneytið, þykir Vopnafjarðarhöfn mjög álitlegur kostur í því tilliti að vera þjónustuhöfn fyrir olíuleitina. Ljóst er þó að margir munu keppa um þennan bita. Jafnframt verður unnið að hugmyndum að uppbyggingu umskipunarhafnar í Finnafirði í samvinnu við fyrirtækið Bremenports í Bremen og Langanesbyggð.

Á yfirstandandi ári hefur verið unnið að verulegum framkvæmdum við að skipta um lagnir í götum bæjarins og er þar stærst að nefna lagfæringu á útrásarkerfi bæjarins í Hafnarbyggð. Jafnframt voru tekin mjög stór skref í því að leggja götur bæjarins malbiki og hefja framkvæmdir við hellulagningu gangstétta. Óhætt er að segja að hér er um eitt alstærsta verkefni í lagfæringu gatnakerfis bæjarins, sem unnið hefur verið. Hægt er að gleðjast yfir þessum stóra áfanga sem tókst að vinna á árinu. Jafnframt þessu var unnið að nýrri innkomu í sveitarfélagið á árinu og er henni lokið, ef frá eru talin nokkur minniháttar frágangsatíði. Allt þetta hjálpar til þess að gera góðan bæ enn betri. Þá hefur verið unnið að viðhaldi á skólanum og byggingu á aðstöðuhúsi við sundlaugina okkar í Selárdal, ásamt tækjakaupum, en nauðsynlegt er að gera þessar miklu breytingar á sundlauginni til þess að unnt verði að fá starfsleyfi fyrir rekstrinum. Ennfremur hefur verið komið að ýmsum öðrum framkvæmdum í sveitarfélaginu, svo sem byggingu grasvallar á íþróttasvæði bæjarins og framkvæmdum svæði Golfklúbbsins svo e-ð sé nefnt.

Á næsta ári verður haldið áfram við hellulagningu og gerð kanta við malbikið. Hafist handa við lagfæringu á lóð leikskólans, stign nokkuð stór skref í útrásarmálum sveitarfélagsins, sem felst í fullhönnun hreinsi og dælistöðvar og lagnar út fyrir stórstraumsfjöruborð og forgangsröðun verkefnisins. Þá verður haldið áfram í viðhaldsverkefnum sveitarfélagsins eins og ljúka við skólann og íþróttahúsið, lagfæringar á Sundlaug, mála Sundabúð III að utan., lagfæra baðaðstöðu og sjúkraherberbergi ásamt salernisaðstöðu á legudeildinni, kaupa búnað í Skólann, lagfæra ýmislegt, sem úr sér er gengið á hótél Tanga bæði utan og innandyrna. Unnið verður að lagfæringu íþróttasvæðis til samaræmis við skipulag þar um. Auk þessa eru ýmis fleiri verkefni í búnaðarkaupum stofnana o.fl. Til viðbótar við áfanga í fráveituframkvæmdum, sem nefndir hafa verið er ráðgert að vinna að frágangi á fráveitukerfum í Skálanesvíkinni. Auk þessara framkvæmda verður ráðist í ýmsar minni framkvæmdir sem ekki verða sérstaklega tíundaðar hér.

Öllum er það þó ljóst að nauðsynlegt er að halda við eignum sveitarfélagsins og ákveðnar framkvæmdir eru nauðsynlegar í þeim efnum. Helstu viðhaldsverkefni eru skólinn og íþróttahúsið, Sundabúð, íbúðarhúsnæði í eigu sveitarfélagsins, hótelið og félagsheimilið svo eitthvað sé nefnt.. Talsverðar fjárhæðir verða því settar í viðhaldsmálin.

Að öllu þessu töldu er ráðgert að allir sjóðir í A -og B- hluta verði samtals gerðir upp með 124,9 m. kr. hagnaði á árinu 2014. Í sjóðstreymi kemur í ljós að þegar tekið hefur verið tillit til afskrifta, verðbóta, söluhagnaðar og annarra reiknaðra stærða að veltufé frá rekstri verður 186,9 m. kr. Engar breytingar eru áætlaðar á skammtímalíðum. Handbært fé frá rekstri er því 186,9 m.kr., sama fjárhæð og veltufé frá rekstri.

Í fjárfestingar er áætluð nettófjárhæð í að upphæð 108,6 m.kr., sem nánar eru sundurliðaðar í sérstöku yfirliti, sem fylgir áætluninni.

Eins og fram kemur í skuldahlið áætlunarinnar hafa skuldir verið lækkaðar verulega á síðustu árum og er enn ráðgert að ganga lengra í þessum efnum á komandi ári þrátt fyrir áætlun um talsvert miklar fjárfestingar. Engin ný lán hafa verið tekin hjá sveitarfélaginu til margra ára. Þannig hafa skuldir sveitarfélagsins lækkað úr liðlega 200 % af heildartekjum í 101 % árið 2012. Í fjárhagsáætlun yfirstandandi árs var áætlað að þetta hlutfall yrði 92,6 % og í nýrri áætlun fyrir árið 2014 er ráðgert að þetta hlutfall verði komið í 69,3 %. Breyting þessi verður að teljast afrek. Ekki síst fyrir þær sakir að sveitarstjórnarlög gera ráð fyrir að þetta hlutfall megi vera 150 % af tekjum og að aðlögunarfrestur sveitarfélaga sé 10 ár til þess að ná því marki. Hér hefur því verið gengið með mun meiri krafti til verks. Af þessum sökum lækka greiðslur verðbóta og vaxta verulega frá því sem hefur verið á umliðnum árum. Þetta léttir stöðu sveitarfélagsins til mikilla muna inn í framtíðina og gerir sveitarfélaginu kleift að greiða skuldir og framkvæmdir af sjálfsaflafé út úr rekstri.

Afborganir lána árið 2013 eru áætlaðar 53,9 m.kr.

Eins og greint var frá hér að framan þá er hreint veltufé frá rekstri áætlað 186,9 m.kr. Fjárfestingar eru áætlaðar 108,6 m.kr. og afborganir lána eru áætlaðar 53,9 m.kr.

Handbært fé hækkar því um 24,4 m.kr.

Handbært fé í ársbyrjun er 85,4 m.kr. og verður því 109,8 m.kr. í árslok. Engin ný lán eru tekin á árinu 2014.

Í ársreikningi 2011 voru skuldir og skuldbindingar sveitarfélagsins 114,5 % af heildartekjum, sem er vel undir þeim viðmiðunarmörkum sem sveitarfélögum eru sett í nýjum sveitarstjórnarlögum, en þar er miðað við að þetta hlutfall megi helst ekki fara yfir 150 % markið. Mörg sveitarfélög eru langt yfir þessu marki og í nýju sveitarstjórnarlögunum er gefinn 10 ára aðlögunartími fyrir sveitarfélögin að ná því að fara niður í eða niður fyrir þetta mark.

Hér er gengið mun hraðar til verks. Árið 2012 var þetta hlutfall komið í 101,0 % og áætlun yfirstandandi árs gerir ráð fyrir að hlutfallið verði komið í 92,6 % í ár. Áætlun ársins 2014 gerir ráð fyrir að þá hafi þetta hlutfall lækkað í 69,3 % sem byggir á því að enn eru greiddar niður skuldir og einnig á því að tekin er inn ný stofnun Sundabúð legudeild, sem eykur til muna tekjur og útgjöld án þess að skuldir hækki. Árangur af þessu tagi gefur sveitarfélaginu verulegt andrými inn í framtíðina til þess að sinna skyldum sínum vel og sjá til þess byggja upp og viðhalda mannvirkjum sveitarfélagsins með ásættanlegum hætti án þess að taka lán. Stefna sú sem sett er fram í áætluninni mun til lengri tíma litið skila betri og meiri þjónustu til íbúanna en áður hefur verið unnt að veita. Gleðilegt er að geta nýtt fjármuni sem áður fóru í fjármagnskostnað til þess að byggja upp betri þjónustu við íbúa og fyrirtæki í sveitarfélaginu.

Félagsþjónusta

Í félagsþjónustugeiranum er áætlað fyrir starfsemi félagsmálanefndar og margvíslegra félagslegra þátta svo sem fjárhagsaðstoð, húsaleigubótum, barnavernd, þjónustu við aldraða, heimilishjálp og liðveislu. Jafnframt er áætlað fyrir nokkrum styrkjum til málefna er tengjast þessum málaflokki. Eftir að sveitarfélagið tók yfir rekstur legudeildarinnar að Sundabúð og er verktaki í heimahjúkrun fyrir ríkið hefur komið til skoðunar að samhæfa í meira mæli vinnu heimahjúkrunnar og heimilishjálpar. Þegar hefur samist svo um að Sundabúð sér að mestu um ákveðin verkefni í liðveislu og fær sértekjur á móti. Ljóst er að fyrirkomlag af þessu tagi þarf að móta enn frekar en orðið er. Bætt nýting fjármuna með þessum hætti getur hjálpað verulega til við að ná saman endum í rekstri Sundabúðar.

Hér er áætlað fyrir kostnaði við samstarfssamning við Fljótsdalshérað um félagsþjónustu, sem fyrst var stofnað til árið 2006. Tekist hefur að bæta félagslegaþjónustu í sveitarfélaginu í gegnum þennan samning og samræma þjónustuna að þeim vinnureglum sem eru hér fyrir austan okkur. Enn er þó unnið að útfærslu og samhæfingu þessarar þjónustu. Einnig er hér áætlað fyrir kostnaði vegna yfirfærslu málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga en 0,25 % útsvarsins koma inn í gegnum útsvarið til sveitarfélagsins og út aftur hér til samræmis við samninginn við Félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs um þessi mál. Hinn hluti útsvarsins 0,95 %, sem lagður var á vegna þessara mála fer beint í gegnum Jöfnunarsjóð Sveitarfélaga. Til málefna fatlaðra renna því alls 1,2 % útsvarsins í heild.

Í gildi er sérstök gjaldskrá vegna heimilisþjónustunnar og er hún til samræmis við það sem gert er annarsstaðar á starfssvæði þjónustunnar. Sérstaklega verða og til skoðunar möguleikar á því að koma á markvissri heimsendingu matar til þeirra sem þess óska og uppfylla þau skilyrði sem upp eru sett, aukin fjölbreytni í dægurvöl eldri borgara og farið vendilega yfir heimilisþjónustuna. Auk þessa er að sjálfsögðu mikilvægast að þegar erfið félagsleg mál koma upp í sveitarfélaginu hvort heldur er í

barnaverndarmálum eða öðrum þá eru sérfræðingar til reiðu og málin sett í þá ferla sem nauðsynleg eru á hverjum tíma.

Skipuð hefur verið sérstök þjónustunefnd aldraðra og hefur verið mörkuð sérstök fjárveiting til hennar sem nýtist til bættrar þjónustu við eldri borgara samfélagsins. Hér eru einnig markaðir sérstakir fjármunir til félagsstarfs aldraðra, þ.e. föndur, upplestur og annað félagsstarf sem meðal annars fer fram í húsnaði sveitarfélagsins í Sambúð, sem eldri borgarar hafa til sinna afnota.

Fræðslumál

Hér er um langstærsta málaflokkinn í útgjöldum talið að ræða. Áætlað er fyrir kostnaði við skólaskrifstofu, skólanefnd, leikskóla, Vopnafjarðarskóla, tónlistarskóla auk minniháttar styrkja. Í þessum málaflokki er miðað við að fyrirkomulag verði með mjög sambærilegu sniði og á síðastliðnu ári. Rétt er þó að geta þess að sérstaklega verða skoðaðir möguleikar á aukinni samkenndu í grunnskólanum og almennt skoðaðir möguleikar á að hagræða í rekstri í þessum málaflokki. Allar gjaldskrár í þessum málaflokki verða teknar til sérstakrar skoðunar og er hér gert ráð fyrir að þær verði hækkaðar um áætlaðar verðlagsbreytingar á árinu 2014 og sú hækkun taki gildi frá og með áramótum nk.

Hér er áætlað sérstaklega fyrir Austurbrú á Vopnafirði, þar sem áætlað er fyrir gjöldum og tekjum eins og þau snúa að sveitarfélaginu. Eins og kunnugt er þá er sérstakur samstarfssamningur milli Vopnafjarðarhrepps og Austurbrúar (þekkingarnetsins) um þessi mál. Fjárveitingar hafa fengist að hluta til starfseminnar á grundvelli þess starfs sem unnið var í tengslum við svokallaða Norðausturnefnd, sem skipuð var af Forsærisráðuneytinu á sínum tíma. Samningur við ráðuneyti Menntamála varðandi þessi mál rennur út um næstkomandi áramót og er unnið hörðum höndum að gerð nýs samnings. Í fjárhagsáætlun næsta árs er gert ráð fyrir að það takist.

Rétt er einnig að gera grein fyrir því að vinna hefur verið gangi varðandi stofnun framhaldsskóladeildar á Vopnafirði, sem taka myndi til starfa á haustönn 2014. Enn hefur ekki tekist að fá fjárframlög til þess eyrnamerkt í fjárlagafrumvarpi ársins 2014. Reynt verður til þrautar að ná þessum markmiðum fram.

Menningarmál

Undir þessum málaflokki er áætlað fyrir kostnaði við menningarmálanefndina, sem skipuleggur menningarstarfsemi á vegum sveitarfélagsins. Einnig er hér áætlað fyrir starfsemi bókasafnsins, framlagi til Héraðsskjalasafnsins, Bustarfells, Kaupvangs, hátíðarhalda almennt og framlaga til annarra menningarviðburða. Rekstur Múlastofu hefur verið sett upp sem sér deild undir þessum málaflokki og er það einnig gert hér. Sérstaklega er hér áætlað fyrir launakostnaði vegna nýs starfsmanns sem vinna á að samhæfingu ferðamála í sveitarfélaginu. Undir Kaupvangi er sérstaklega áætlað fyrir framlagi vegna Upplýsingamiðstöðvar og einnig vegna Vesturfarans. Þá er hér sérstaklega áætlað fyrir nokkrum styrkjum til menningarstarfs almennt.

Æskulýðs og íþróttamál

Hér er áætlað fyrir framlögum til æskulýðs- og íþróttamála. Félagsmiðstöð, íþróttahús, sundlaug, íþróttasvæði og jafnframt framlög til Einherja, Golfklúbbsins og Hestamannafélagsins.

Ráðgert er að hafa svipað fyrirkomulag á vöktum við sundlaugina á komandi ári eins og var á yfirstandandi ári. Það er þó ljóst að ávallt eru gerðar stífari kröfur til gæslu og þjónustu á almenningssundstöðum og er sennilega tímaspursmál hversu lengi mögulegt er að hafa rekstur sundlaugarinnar með þeim hætti sem nú er. Á þessum grunni hefur verið unnið að framkvæmdum í Sundlauginni undir ráðgjöf verkfræðistofa Norðurlands. Á grundvelli úttektar verkfræðistofunnar var hafist handa við nauðsynlegar framkvæmdir á yfirstandandi ári og ráðgert að ljúka þeim um áramótin. Líklegt er þó að þeim verði ekki að fullu lokið um áramót. Hér er því gert ráð fyrir að þessum framkvæmdum verði að fullu lokið eins fljótt á árinu 2014 eins og nokkur kostur er. Vonast er eftir að vel takist til í þessum efnum þannig að unnt verði að fá starfsleyfi sundlaugarinnar endurnýjað. Framlög íþróttafélaganna Einherja, Golfklúbbs og Glófaxes þarf að skoða sérstaklega með tilliti til þeirra fjármuna sem til ráðstöfunar eru. Ljóst er þó að reynt verður að ráðast í nauðsynlegar umhverfisbætur á íþróttasvæði og þá ekki hvað síst umhverfis nýja grasvöllinn. Sérstök fjárveiting er tekin frá fyrir þetta verkefni. Jafnframt er áætlað fyrir auknum launakostnaði vegna þjónustu við íþróttasvæðið.

Akveðið hefur verið að ljúka hönnun íþróttasvæðis sveitarfélagsins og Einherja á Búðaröxl þ.a. sveitarfélagið og íþróttafélagið geti með skírum hætti áttað sig á því hvernig heppilegast er að byggja upp svæðið til framtíðar. Miða skal þá vinnu við það að unnt verði að áfangaskipta verkinu og forgangsraða áföngum.

Á yfirstandandi ári var í gildi samstarfssamningur milli Vopnafjarðarhrepps og HB Granda um notkun á íþróttahúsinu. Samningur þessi gildir til áramóta. Kannað verður hvort áfamhaldandi áhugi er á þessu samstarfi á árinu 2014 og er hér miðað við að svo verði.

Í þessum málaflokki jafnt sem öðrum eru áætlaðar gjaldskrárbreytingar, sem taka gildi við upphaf árs.

Brunavarnir og almannavarnir.

Hér er áætlað fyrir kostnaði við slökkvistöð, rekstur slökkvibíla og framlaga eins og til björgunarsveitarinnar Vopna-Arnar.

Á yfirstandandi ári hefur verið unnið eftir samningi um samvinnu í brunamálum milli sveitarfélaganna frá Vopnafirði og suður um til Djúpavogshrepps, sem tók gildi fyrir rétt um tveimur árum. Hér er áætlað fyrir sérstöku framlagi vegna þess.

Á árinu 2010 var lokið við smíði á nýjum slökkvibíl í samvinnu við Flugstoðir. Bíll þessi eykur til muna öryggi í brunavörnum á svæðinu. Er þetta dæmi um ánægjulegt samstarf Sveitarfélaga og ríkisins. Billinn kostaði um 38 m.kr. og skiptist kostnaður til helminga milli ríkis og sveitarfélags.

Rekstrarsamningur hefur einnig verið gerður milli Vopnafjarðarhrepps og ISAVIA, þar sem Vopnafjarðarhreppur fær ákveðið framlag en sér í staðinn til þess að bíllinn sé ávallt á flugvöllinum þegar áætlunarflug er þar og sér alfarið um rekstur hans.

Rétt er einnig að geta þess að um áramótin 2010/2011 var gerður í gegnum Brunavarnir á Austurlandi samningur við HSA um að Brunavarnir sjái um sjúkraflutninga á Vopnafirði. Sá samningur hefur nú verið endurnýjaður.

Sjúkrabíllinn er staðsettur á slökkvistöðinni og eru sjúkraflutningamennirnir starfsmenn Brunavarna á Austurlandi.

Sérstök fjárveiting er einnig merkt til kaupa á tækjabúnaði fyrir slökkvistöðina til samræmis við óskir þar um. Jafnframt er nauðsynlegt að geta þess að HB Grandi hefur sýnt stóhug í verki og gefið slökkvistöðinni nýjar klippur, sem munu auka öryggi björgunarstarfa til muna. Fyrirtækinu eru hér færðar bestu þakkir fyrir höfðinglega gjöf.

Hreinlætismál

Hér er áætlað fyrir margvíslegum kostnaði er tilheyrir þessum málaflokki. Helst er þar að nefna heilbrigðiseftirlit, sorphreinsun, sorpeyðingu og eftirlit með hunda -og kattahaldi.

Í megindráttum er gert ráð fyrir að starfsemi þessi verði með svipuðu sniði og verið hefur. Unnið hefur verið markvisst að því á liðnum árum að lagfæra alla ásýnd sorphirðunnar og haugasvæðisins. Árið 2010 var gá mavöllurinn girtur af og undirbúin flokkun á sorpi sveitarfélagsins. Flokkunin hófst um áramótin 2010/2011 og hefur því bráðum staðið í þrjú ár. Samstarf við einstaklinga og fyrirtæki hefur verið til fyrirmyndar í þessum efnum og liggur fyrir að sorp sem til urðunar fer hefur þegar minnkað verulega. Heimilissorp hefur minnkað um nálaægt 60 % og fyrirtækjasorp um liðlega 40 %. Sérstakt tilefni er til þess að þakka einstaklingum og fyrirtækjum fyrir samstarfið í þessum efnum því sorpflokkun er eitthvað sem nútíminn kallar á. Starfsleyfi sorphauganna rann út í september 2012 síðastliðnum og fékkst framlengt til 1. janúar 2014. Fullgild umsókn hefur verið send inn til Umhverfisstofnunar og allri skipulagsvinnu lokið. Umsóknin miðaði þó að því að í framtíðinni verði unnt að urða 1.000 tonn á ári, en eldra leyfið miðaði við 500 tonn. Sveitarfélaginu var gert að fara með umsóknina í umhverfismat samkvæmt lögum nr. 106/2000 um umhverfismat og er áætlað að sveitarfélagið fengi 2 ár til þess að ljúka því. Unnið hefur verið að gerð umhverfismatskýrsla í þessu sambandi og gerðar rannsóknir á svæðinu og er miðað við að endanleg matsgögn verði unnt að senda inn til tilskylinna stjórnvalda næstu daga. Jafnhliða því verður sótt um að starfsleyfið gildi þar til úrskurðir liggja fyrir að teknu tilliti til innsendra gagna. Venjan er að slík leyfi fái.

Starfsleyfisráðgjafi urðunarstaða af þessu tagi eru alltaf að verða stífari og nútíminn kallar á hertari kröfur hvað þetta varðar.

Skipulags-og byggingarmál

Í þessum málaflokki er áætlað fyrir kostnaði við bygginga-og skipulagsmál. Eins og kunnugt er þá hefur nýlega verið lokið við aðalskipulag sveitarfélagsins, sem hefur verið staðfest og undirritað af hendi Skipulagsstofnunar, Umhverfisráðuneytis og sveitarstjórnar. Hið nýja aðalskipulag gildir til ársins 2026. Vegna nýrrar innkomu í sveitarfélagið þurfti að gera breytingu á því á árinu 2012. Sú breyting hefur verið samþykkt af Skipulagsstofnun og Umhverfisráðuneyti. Engin skipulagsmál hömluðu gerð nýs vegar inn í sveitarfélagið árið 2013 og var því unnt að ljúka framkvæmd við hina nýju innkomu. Óhætt er að óska Vopnfirðingum til hamingju með það hversu vel hefur tekist til í þeim efnum.

Í tengslum við skipulagsvinnu vegna hinnar nýju innkomu hefur einnig verið unnið í samvinnu við yfirvöld kirkjugarða um nýtt skipulag kirkjugaðsins og umhverfi hans, en mikilvægt er að taka þar til hendinni, enda þó unnt verði að vinna það verk í nokkrum áföngum. Áfram verður unnið að þessum málum í góðri samvinnu við yfirvöld kirkjugaðsins. Einnig verður unnið að gerð deiliskipulags fyrir svæði íþróttavalla að Búðaröxl og nágrenni þeirra. Brýnt er að ljúka því, þannig að fyrir liggja hvernig ganga má til verka þar. Nauðsynlegt er einnig að vinna að skipulagsbreytingum vegna möguleika í úthlutun byggingalóða. Í áætluninni er ráðgert að kalla eftir endurgreiðslu Skipulagsstofnunar vegna hluta af þeim kostnaði sem skipulagsvinnan hefur kostað. Jafnframt hafa verið skoðaðir möguleikar á því að fá betri lausnir í þjónustu byggingafulltrúa, en um nokkurra ára skeið hefur verið í gangi samningur milli sveitarfélagsins og Verkfræðistofu Austurlands varðandi þessa þjónustu.

Umferðar-og samgöngumál.

Í þessum málaflokki er áætlað fyrir viðhaldi gatna, gangstétta og göngustíga. Jafnframt er hér áætlað fyrir umferðarmálum svo sem merkingu gatna, götulýsingu, snjómokstri og hálkueyðingu. Á yfirstandandi ári var ráðist í verulegar malbiksframkvæmdir og lagt yfir þær götur sem lagnir hafa verið endurnýjaðar í. Jafnframt var malbikuð aðkoma að höfninni báðu megin og tekin ýmis plön og bílastæði. Þetta voru nauðsynlegar en dýrar framkvæmdir og var þetta stærsta einstaka framkvæmdin í sveitarfélaginu á yfirstandandi ári. Samsíða þessu er einnig unnið að endurnýjun gangstétta og bílastæða í miðbænum, en stór hluti þeirra var orðin algerlega ónýtur vegna þeirra miklu framkvæmda sem unnið hefur verið að á svæðinu á síðustu árum m.a. við uppbyggingu fiskiðjuvers HB Granda. Þessum framkvæmdum verður framhaldið á næsta ári og þá verður lokið við að leggja þær gangstéttir sem ekki tekst að ljúka við á þessu ári. Sérstök fjárveiting hefur verið sett á liðinn umferðarmerking og er hún sérstaklega hugsuð til þess að halda áfram að bæta merkingu umferðar í þéttbýlinu. Að öðru leyti á að vinna að venjubundnu viðhaldi og lagfæringum, sem nauðsynlegar eru á hverjum tíma.

Umhverfismál.

Hér er áætlað fyrir fegrin og hreinsun bæjarins, og jafnframt er hér áætlað fyrir kostnaði við vinnuskóla. Ennfremur er hér gert ráð fyrir kostnaði við skógrækt í samvinnu við Austurlandsskóga og áætlað fyrir framlagi til uppgræðslu lands í samvinnu Landgræðslunnar, bænda og Vopnafjarðarhrepps. Þá er hér áætlað fyrir minnka-og refaeyðingu. Í því sambandi hefur verið í gangi sérstakt verkefni í samvinnu við veiðifélögin um minnkaveiðar í nágrenni laxveiðiánna. Hér er áætlað fyrir kostnaði vegna þessa með sambærilegum hætti og verið hefur. Ríkissjóður hefur þó tekið ákvörðun um að hætta endurgreiðslu sinni með kostnaði við refaveiðar. Unnið er að því að fá leiðréttingu þeirra mála. Einhverra hluta vegna virðist það vera erfitt skref fyrir ríkissjóð að stíga. Á þessum lið er einnig áætlað fyrir kostnaði vegna jóla og áramóta.

Atvinnumál.

Í þessum málaflokki kennir margvíslegra grasa. Áætlað er fyrir ýmsum atvinnutengdum verkefnum m. a., kostnaði við atvinnufulltrúa, Atvinnuþróunarfélagð, Atvinnuþróunarsjóð, átaksverkefnum, Vaxtarsamningi o. fl. Hér er einnig áætlað fyrir kostnaði við þátttöku í Markaðsstofu Austurlands og ferðatengdum málum eins og til að mynda tjaldsvæði o.fl. Undir liðnum átaksverkefni er áætlað fyrir kosnaði við ýmis átaksverkefni í atvinnumálum og jafnframt er þar áætlað fyrir tekjum á móti vegna framlaga frá hinu opinbera til þessara mála. Þarna ber hæst verkefni eins og Drekasvæðið, auk margvíslegra annarra verkefna. Jafnframt er hér sett inn sérstök fjárveiting, sem nýtt verður til þess að styðja við góðar hugmyndir í atvinnuuppbyggingu í sveitarfélaginu. Hugmyndin er sú að þarna verði mögulegt fyrir einstaklinga og fyrirtæki að sækja um styrk til þess að auðvelda framgang hugmynda um atvinnuuppbyggingu. Nánari reglur verða settar um úthlutun slíkra styrkja. Brýnt er að vel takist til í þessum efnum og ekki dugir að gefast upp þó að á móti blási í fjármálum þjóðarbúsins. Að þessum verkefnum öllum verður unnið af fullum krafti og reynt eins og frekast er kostur að fá fjármuni frá hinu opinbera stuðningskerfi til þeirra. Ljóst er þó eftir framvindu mála á hverjum tíma að Vopnafjarðarhreppur kann að þurfa að hlaupa undir bagga með ýmsum þessara verkefna eigi vel að takast til. Á þeim málum þarf að taka sérstaklega þegar þar að kemur.

Sameiginlegur kostnaður

Hér er áætlað fyrir kostnaði við sveitarstjórn, endurskoðun, hreppsskrifstofu, starfsmannakostnað, kosningum o. fl. Í heild má segja að þessi málaflokkur verði með svipuðu sniði og verið hefur. Gert er ráð fyrir sveitastjórnarkosningum á næsta ári. Kostnaður við endurskoðun hefur lítillega aukist með breyttum áherslum í þeim efnum. Kostnaði þessum er vel varið þar sem hann hjálpar til við að skoða enn betur en áður ýmsa þætti rekstrarins. Hér er einnig áætlað fyrir sérstöku framlagi vegna kynningarstarfsemi, starfsmannakostnaðar og framlags til SSA.

Fjármuna-og fjármagnsgjöld

Í þessum málaflokki er áætlað fyrir fjármagnstekjum og arði af eignum og söluhagnaði. Jafnaframt er áætlað hér fyrir öllum fjármagnskostnaði skammtíma og langtímaskulda og áföllnum verðbótum á langtímaskuldir sem ekki eru greiddar heldur áfallnar. KPMG endurskoðun var fengin til þess að yfirfara útreikninga þessa, sem miðaðir eru við 3 % verðbólguþá frá upphafi til loka árs 2014. Endurskoðunarstofan leiðbeindi með færslu á þessum hlutum og er mat mitt að áætlunin verði betri á þessum málaflokki með því að gera færslu sem þessa sem er til samræmis við það sem gert er í endanlegum ársreikningi. Fjármagnskostnaður undanfarinna ára hefur verið gríðarlega hár og hefur hann valdið því að nánast er ómögulegt að ná saman endum eftir fjármagnskostnað, nema með verulegu tapi. Í þessari fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir að fjármagnskostnaður lækki á grundvelli þess að um áramótin 2011/2012 tókst að selja hlutabréf sveitarfélagsins í HB Granda og nýta á meginhluta söluandvirðisins til niðurgreiðslu skulda, sem breytir miklu til batnaðar fyrir sveitarfélagið hvað varðar greiðslu á fjármagnskostnaði. Engin ný lán hafa verið tekin í mörg ár heldur einungis greidd niður eldri lán. Aðgerðir þessar hafa verulega bætt greiðsluáhrif fyrir sveitarfélagið inn í framtíðina. Í þessari

fjárhagsáætlun sjást skír merki þess að þetta hefur tekist. Þrátt fyrir miklar framkvæmdir verða ekki tekin ný lán heldur haldið áfram þann veg að lækka skuldir.

Ekki verðum ofsögum sagt að það hafi verið mikið happ fyrir sveitarfélagið að standa að farsælli uppbyggingu HB Granda hér á Vopnafirði og geta síðan selt eftirstöðvar hlutabréfaeignar sinnar á góðu gengi, sem nýtist til að greiða niður stóran hluta þess fórnarkostnaðar, sem lagt var í til þess að tryggja örugga atvinnustarfsemi í sveitarfélaginu.

Lokaorð

Við gerð fjárhagsáætlunar Vopnafjarðarhrepps A- og B- hluta fyrir árið 2014 hefur verið leitast við að gæta hagræðis í hinum mismunandi rekstrareiningum sveitarfélagsins. Forsendur tekna og gjalda hafa verið reiknaðar upp miðað við áætlaða verðlagsspá ársins 2014. Jafnframt hefur verið farið yfir gjaldskrár helstu þátta sveitarfélagsins með tilliti til hækkanna. Þá hefur og verið reynt að fara yfir einstaka gjaldaliði með sérstöku tilliti til þess hvort mögulegt er að hreyfa við þeim eða ekki. Á árinu er áætlað að endurskoða samninga við ýmsa þjónustuaðila sveitarfélagsins hvort heldur er á sviði verklegra framkvæmda, viðhalds almennt, tölvu-og skrifstofutækjaþjónustu eða almennra innkaupa á rekstrarvörum með tilliti til þess að fá þau bestu kjör sem í boði eru á markaðnum.

Í áætluninni er lögð höfuðáhersla á að sinna allri grunnþjónustu sveitarfélagsins eins vel og nokkur kostur er. Framkvæmdir verða miklar, þrátt fyrir það verða engin ný lán tekin, heldur áfram haldið á þeirri braut að greiða niður heildarlán sveitarfélagsins. Í áætluninni er gert ráð fyrir 108,7 m.kr. fjárfestingu nettó, en nauðsynlegt er m. a. að ráðast í ýmsar framkvæmdir svo sem fráveitumál, meiriháttar viðhald, hellulagnir og frágang á gangstéttum í miðbæ, lóðarframkvæmdir við leikskólann, lagfæringar á Sundlauginni, lagfæringa á umhverfi íþróttavallarins, búnaðarkaup í skóla, endurnýjun sjúkrarýmis og baðrýmis á legudeildinni í Sundabúð, lagfæringar á hóteli o.fl. Sérstaklega þarf þó að fara yfir forgangsörðun þessara verkefna. Með samvinnu við forstöðumenn deilda og stofnanna á yfirstandandi ári hefur verið reynt að hagræða, sem kostur er í rekstri. Þessi vinna mun leiða til sparnaðar á komandi ári án þess að unnið sé eftir flötum niðurskurði útgjalda í heild

Áætlun þessi tekur einnig mið af því að tekist hefur að lækka til muna greiðslu verðbóta og vaxta og auka þannig verulega rekstrarafgang til þess að standa undir áframhaldandi niðurgreiðslu lána og fjármagna nauðsynlegar framkvæmdir af sjálfsaflafé sveitarfélagsins.

Að lokum vil ég þakka þeim fjölmörgu sem komu að vinnu áætlunarinnar fyrir gott samstarf og kalla eftir góðu samstarfi hér eftir sem hingað til. Ljóst er að bestur árangur næst með samstilltu átaki allra, sem að málum koma. Rétt er að hafa það hugfast að gott starfsfólk er dýrmætasta auðlindin, sem nokkurt fyrirtæki á kost á.

Vopnafirði 7. nóv. 2013

Þorsteinn Steinsson
Sveitarstjóri

